

**Minnispunktur v. þingmáls nr. 463, lögmenn.  
Tekið saman í framhaldi af fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytis.**

Skv. 2. mgr. 4. gr. laga um háskóla er menntamálaráðherra heimilt að veita háskólum sem kostaðir eru af einkaaðilum starfsleyfi ef þeir starfa eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra staðfestir. Um einstaka ríkisháskóla gilda sérlög, sem uppfylla kröfur háskólalaga um starfsemi háskóla. Við mat á veitingu starfsleyfisins er farið yfir alla þá þætti og kröfur sem háskólalögin setja, þ.e. um stjórnskipulag, stjórnendur, fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfni þeirra og starfsskyldur, uppbyggingu náms o.fl.

19. gr. háskólalaga kveður síðan á um gerð kennslusamninga við ríkisháskóla og háskóla sem reknir eru af einkaaðilum (sjálfseignarstofnunum). Á þeim vettvangi er ákveðið hvaða nám það er sem háskólarnir bjóða og ríkið er tilbúið að greiða fyrir. Í kennslusamningunum sjálfum er kveðið sérstaklega á um að ef háskóli sem hefur slíkan samning vill taka upp nýtt nám, þá sé sótt um það sérstaklega. Þegar slík umsókn berst er farið ítarlega yfir það nám sem fyrirhugað er að bjóða og það metið út frá fjölmörgum þáttum, svo sem tegund námsins og heildarskipulagi, lýsing á inntaki og markmiðum, litið er til mögulegs samstarfs og samvinnu við aðrar háskólastofnanir hér á landi eða erlendis, auk fjárhagslegra þátta.

Í 2. mgr. 21. gr. háskólalaga segir að samningar sem menntamálaráðherra gerir við einkaskóla skv. 2. mgr. 19. gr. laganna skuli endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði. Þá skal fara fram uppgjör á milli samningsaðila vegna mismunar á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði. Fyrir lok samningstímans skal menntamálaráðherra láta fara fram úttekt á starfsemi viðkomandi háskóla í heild. Eins og fram kom á fundinum hefur slík úttekt farið fram bæði hjá Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst og komu báðir skólarnir mjög vel út úr þeirri úttekt.

Skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. háskólalaga skal menntamálaráðherra setja almennar reglur um með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað. Á grundvelli þessa ákvæðis eru nú í gildi reglur nr. 666/2003 um gæðaeftirlit með háskólakennslu, sem bæði gera ráð fyrir gæðakerfi sem háskólarnir setja sjálfir og síðan hvernig ytra gæðaeftirliti með háskólakennslu skuli háttað. Nú er í gangi mat á námi í lagadeild Háskóla Íslands skv. þessum reglum og ætlunin er að slíkt mat fari síðan einnig fram á laganámi í öðrum háskólum hér á landi.